

Umferðaröryggisúttekt og lagfæringar á umhverfi vega- leiðbeiningar

Auður Þóra Árnadóttir, Vegagerðin og Guðni P. Kristjánsson, Hnit HF

Ágrip

Í fyrirlestrinum eru kynntar tvennar leiðbeiningar sem Rannsóknarsjóður Vegagerðarinnar hefur styrkt. Annars vegar eru það leiðbeiningar um umferðaröryggisúttekt en hins vegar leiðbeiningar um lagfæringar á umhverfi vega.

Umferðaröryggisúttekt.

Umferðaröryggisúttekt er einn þáttur umferðaröryggisstjórnunar. Tilskipun Evrópusambandsins, 2008/96/EB, kveður á um að aðildarríki skuli innleiða umferðaröryggisstjórnun hvað varðar þá vegi sem eru hluti af samevrópska vegakerfinu (e. Trans European Road Network). Tilskipunin var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 866 sem tók gildi 1. október 2011.

Umferðaröryggisúttekt felst í því að reglulega fer fram skoðun á vegakerfinu þar sem sjónum er beint að ýmsum öryggisþáttum á eða við veg. Markmiðið með umferðaröryggisúttekt er að finna þá staði þar sem hættu er á að slys geti orðið og gera áætlun um lagfæringar í kjölfarið. Markmið lagfæringanna er að koma í veg fyrir slys eða draga úr afleiðingum slysa ef þau verða.

Vegagerðin hefur samið verklagsreglu um umferðaröryggisúttekt eins og henni var falið skv. reglugerðinni. Skv. verklagsreglunni skal umferðaröryggisúttekt fara fram á stofnvegum utan hálendis með reglulegu millibili.

Leiðbeiningar um umferðaröryggisúttekt.

Vegagerðin hefur staðið fyrir útgáfu leiðbeininga um umferðaröryggisúttekt, sjá heimasíðu:

[http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Umferdaroryggisuttekkt_vega/\\$file/Umferdaroryggisuttekkt%20vega.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Umferdaroryggisuttekkt_vega/$file/Umferdaroryggisuttekkt%20vega.pdf)

Leiðbeiningar norsku vegagerðarinnar, Statens vegvesen, Håndbok 222, Trafikksikkerhetsrevisjoner- og inspeksjoner, del 2, voru hafðar til hliðsjónar og sá Skúli Þórðarson hjá Vegsýn EHF um þýðingu.

Guðni P. Kristjánsson hjá verkfræðistofunni Hniti HF staðfærði textann og tengdi hann við nýju Veghönnunarreglurnar og fl.

Jón Hjaltason og Auður Þóra Árnadóttir, starfsmenn Umferðardeildar Vegagerðarinnar, unnu að þróun þess hluta Vettvangsskrár sem snýr að umferðaröryggi og nutu aðstoðar starfsmanna Þjónustudeildar Vegagerðarinnar, þeirra Ásbjörns Ólafssonar og Einars Pálssonar. Guðmar Magnússon hjá Samsýn sá um forritun í sambandi við skráningu og skýrslugerð. Guðni P. Kristjánsson, Jón Hjaltason og Auður Þóra Árnadóttir sáu um prófun leiðbeininganna og tilheyrandi skýrslugerð.

Ýmsir starfsmenn Vegagerðarinnar rýndu drög að leiðbeiningunum.

Í leiðbeiningunum er því er lýst hvernig standa þarf að undirbúningi umferðaröryggisúttektar og síðan framkvæmd hennar og úrvinnslu. Fyrsti hluti umferðaröryggisúttektar felst í vettvangsskráningu en hún felst í því að athugasemdir eru skráðar inn í Vettvangsskrá Vegagerðarinnar sem er á PC-tölvu sem er beintengd við GPS-tæki. Valið er tákni sem við á og er bæði hægt að skrá athugasemd sem á við einstaka staði og kafla. Athugasemdir eru t.d. gerðar við of bratta fláa og óvarin ræsi innan öryggissvæðis. Þegar komið er í hús eru gögn afrituð yfir í miðlægan gagnagrunn og sérstakt forrit, Skýrslusmiður, keyrt til að fá niðurstöðurnar út á eyðublað í word. Þegar niðurstöður vettvangsskráningar liggja fyrir er komið að öðrum hluta umferðaröryggisúttektar, svonefndri vettvangsskoðun, en þá er farið aftur á vettvang og reynt að skýra hugsanlega óvissu sem ekki reyndist unnt að ráða í við vettvangsskráningu og bæta þá þætti sem ekki voru gerð skil þar. Mikilvægt er að taka myndir eftir því sem þörf er á. Jafnframt þarf að ákveða úrbætur og lausnir og skrá þær. Til greina kemur að vinna að vettvangsskráningu og vettvangsskoðun í einni ferð.

Að lokum er skrifuð skýrsla um viðkomandi umferðaröryggisúttekt þar sem kaflanum sem tekinn var út er lýst. Gerð er grein fyrir hverjir tóku þátt í úttektinni og hlutverki þeirra. Í skýrslunni er jafnframt yfirlit yfir slysasögu vegkaflans. Helstu niðurstöður úttektarinnar eru teknar saman en þar er m.a. átt við algengustu athugasemdir sem gerðar voru við ástand eða aðstæður og mat á alvarleika þeirra. Loks er gerð gróf kostnaðaráætlun vegna þeirra úrbóta sem lagðar eru til. Ef úttektin nær yfir fleiri en einn vegarkafli skal gera kostnaðaráætlun fyrir hvern kafla.

Niðurstöður umferðaröryggisúttektar skulu ræddar á samráðsfundum miðstöðvar og viðkomandi svæðis Vegagerðarinnar. Sumar þeirra úrbóta sem lagt er til að ráðist verði í er unnt að taka fyrir á vettvangi almennra öryggisaðgerða en aðrar eru það umfangsmiklar að nauðsynlegt er að huga að þeim við endurskoðun vegáætlunar.

Leiðbeiningar um lagfæringar á umhverfi vega.

Langflestar athugasemdir í umferðaröryggisúttekt snúa að umhverfi vega á einn eða annan hátt. Á tímabilinu 2007-2011 urðu tæp 66% slysa með meiðslum (banaslys meðtalin) við útafakstur. Umhverfi vega skiptir því höfuðmáli

Skrifaðar hafa verið leiðbeiningar um lagfæringar á umhverfi vega, m.a. til að skýra nánar ákvæði Veghönnunarreglna, sjá heimasíðu:

[http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Lagf_umhverfi_vega.pdf/\\$file/Lagf_umhverfi_vega.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Lagf_umhverfi_vega.pdf/$file/Lagf_umhverfi_vega.pdf)

Bjarni Gunnarsson og Guðni P. Kristjánsson hjá Hniti HF sömdu textann og tengdu hann við Veghönnunarreglur Vegagerðarinnar. Ýmsir starfsmenn Vegagerðarinnar rýndu leiðbeiningarnar. Starfsmenn Vegagerðarinnar tóku jafnframt ljósmyndir sem birtar eru í leiðbeiningunum.

Í leiðbeiningunum er fjallað um ákvæði Veghönnunarreglna um öryggissvæði og aukið öryggissvæði. Fjallað er um áhrif vegfláa á lagfæringar á umhverfi vega og jafnframt er í leiðbeiningunum að finna verklýsingu fyrir lagfæringar á öryggissvæði og auknu öryggissvæði. Loks er því lýst hvernig umsjónarmaður verksins skuli meta umfang verksins og tækjapörf. Leiðbeiningarnar eru ríkulega myndskreyttar.